



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 30. maí 2017

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 24. maí sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Breytingar þessar eru til samræmis við gildandi leiðbeiningar og breyttar reglugerðir frá UEFA og FIFA í málaflokki knattspyrnuleikvanga. Breytingartillaga á reglugerðinni, sem samþykkt var af stjórn, var unnin af mannvirkjanefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á greinum 3.3, 7.1, 8.3, 8.4. og 8.5.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Grein 3 – Flokkun leikvanga

- 3.1 Leikvöngum á Íslandi er skipt í 5 flokka, A, B, C, D og E, eftir stærð, yfirborði, umgjörð, aðbúnaði, áhorfendaaðstöðu og tæknilegum búnaði.
- 3.2 Almennt ná flokkar A, B og C yfir velli, sem notaðir eru til keppni í efri deildum Íslandsmóts meistaraflokks og síðari umferðum bikarkeppninnar, flokkur D nær yfir velli í fullri stærð sem notaðir eru til keppni í neðri deildum Íslandsmóts meistaraflokks og yngri flokkum, en flokkur E yfir velli sem notaðir eru til keppni í 7 manna liðum, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, kafla 4.
- 3.3 UEFA skiptir knattspyrnuleikvöngum í fjóra flokka, vallaflokka (Category) 1, 2, 3 og 4. Í þessari reglugerð er gefnar upp þær forsendur sem leikvangar þurfa að uppfylla af hálfu UEFA til að geta flokkast í UEFA vallaflokkana.
- 3.4 Þar sem annað kemur ekki fram nær viðkomandi forsenda til allra flokka.

Grein 7 – Stærð leikvallar

- 7.1 Stærðir merktra leikvalla í hverjum flokki skulu vera sem hér segir:

Flokkur	Lágmark	Hámarg	Viðmiðun
A, B, C	68m x 105m	68m x 105m	68m x 105m
D	64m x 100m	68m x 105m	68m x 105m
E	40m x 55m	55m x 75m	52,5m x 68m

Eldri vellir, að lágmarki 60 m x 100 m, geta fengið samþykki í flokki D, en við endurnýjun þeirra skal miða við að stærðina 68 m x 105 m, nema veitt sé sérstök undanþága til þess af stjórn KSÍ, sbr. grein 5.4.

- 7.2 Almennt ná flokkar A, B og C yfir velli, sem notaðir eru til keppni í efri deildum Íslandsmóts meistaraflokks og síðari umferðum bikarkeppni KSÍ, flokkur D nær yfir velli í fullri stærð sem notaðir eru til keppni í lægri deildum Íslandsmóts meistaraflokks og yngri flokkum, en flokkur E yfir velli sem notaðir eru til keppni í 7 manna liðum, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, kafla 4.

Til skýringar:

UEFA leyfir að leikvellir í vallaflokki 1 og 2 geti verið allt að 110 m langir og 75 m breiðir, en leikvellir í vallaflokki 3 skulu ávallt vera 68 m × 105 m.

Grein 8 – Yfirborð leikvallar

- 8.1 Yfirborð leikvallar skal vera slétt og jafnt. Yfirborði leikvallar skal haldið vel við.
- 8.2 Yfirborð leikvallar getur verið með grasi, knattspyrnugrasi (gervigrasi) eða mól.
- 8.3 Uppbygging og gerð yfirborðs fyrir velli með gras- eða malaryfirborði skal vera í samræmi við viðurkenndar hönnunarleiðbeiningar, íslenskar eða erlendar, eftir því sem við á.

Leikvöllur með knattspyrnugrasi skal byggður samkvæmt kröfum framleiðanda þess knattspyrnugrass sem valið er, en skal jafnframt uppfylla gildandi FIFA staðla eða sambærilegan staðal sem var í gildi þegar leikvöllurinn var byggður. Þegar yfirborð leikvallar með knattspyrnugrasi er endurnýjað skal a.m.k. sá staðall uppfylltur, sem gildir fyrir þann flokk sem leikvangurinn fellur undir þegar endurnýjun fer fram.

Til skýringar:

Í viðhaldi knattspyrnugrass er eindregið mælt með að fylgt sé leiðbeiningum framleiðanda. Slíkt tryggir best uppgefinn líftíma grass og tryggir að framleiðsluábyrgð framleiðanda haldist í gildi.

- 8.4 Flokkar A, B og C.
- 8.4.1 Yfirborð leikvallar skal vera með grasi eða knattspyrnugrasi. Það skal vera:
- í góðu ásigkomulagi og vel haldið við.
 - leikhæft allt keppnistímabilið innanlands (tímabil Íslandsmóts og bikarkeppni),
 - grænt á lit, ef um knattspyrnugras er að ræða.
 - Kurl í grasi skal vera af viðurkenndri gerð og án efna sem teljast skaðleg heilsu eða mengandi.
- 8.4.2 Leikvöllur með grasi skal uppbyggður samkvæmt USGA (United States Golf Association) staðli, eða sem næst honum. Undantekningar frá staðlinum skulu bornar undir KSÍ til samþykkis.
- 8.4.3 Knattspyrnugras skal uppfylla gildandi FIFA staðla þegar völlum er byggður. Leggja skal fram skýrslu með staðfestum niðurstöðum prófana óháðrar rannsóknarstofu eða aðila sem KSÍ viðurkennir, vegna knattspyrnugrass á leikvöllum í A, B og C flokki, sem staðfestir að grasið uppfylli gerðar kröfur. Prófanir mega ekki vera eldri en 24 mánaða miðað við 1. maí ár hvert.
- 8.4.4 Leikvöllur með knattspyrnugrasi, sem ætlunin er að nota fyrir leik í Evrópukeppni, verður að vera með úttekt á grasinu frá stofnun viðurkenndri af FIFA, og fengið FIFA skírteini upp á það sem staðfestir að knattspyrnugrasið uppfyllir gerðar kröfur fyrir knattspyrnugras fyrir keppnisvelli skv. gildandi FIFA staðli. Úttektin má ekki vera eldri en 12 mánaða þegar leikurinn fer fram.
- 8.5 Flokkar D og E:
- Yfirborð leikvallar getur verið með grasi, knattspyrnugrasi eða mól. Knattspyrnugrasið skal a.m.k. uppfylla kröfur FIFA staðals fyrir æfingavelli sem í gildi er þegar knattspyrnugrasið er lagt á völlum.
- 8.6 Leikvöllur skal uppbyggður og/eða útbúinn nauðsynlegum og fánlegum útbúnaði þannig að hann geti verið í leikhæfu ástandi þrátt fyrir miklar rigningar, frostakafla eða þurrkatímabil á keppnistímabilinu. Slíkur búnaður getur meðal annars verið jarðvegshitun

undir velli, frárennsliskerfi og vökvunarkerfi eða aðrar tæknilegar lausnir sem tryggja nauðsynleg gæði leikvallar.

- 8.7. Mælt er eindregið með því að grasvellir séu búnir jarðvegshitun þar sem aðstæður gefa tilefni til að slíkur búnaður sé til staðar. Mælt er með því að undirhitun sé til staðar á völlum með knattspyrnugrasi.

Samantekt

Í grein 3.3. er því lýst hvernig UEFA skiptir knattspyrnuleikvöngum í fjóra vallaflokka (Category). Áður var um að ræða vallaflokka 1, 2, 3 og úrvalsflokk („elite“). Með framangreindum breytingum er knattspyrnuleikvöngum nú skipt í vallaflokka 1, 2, 3 og 4.

Í grein 7.1. er fjallað um stærðir merktra leikvalla. Áður voru viðmið ákvæðisins eftirfarandi:

Flokkur	Lágmark	Hámark	Viðmiðun
A, B, C, D	68 m × 105 m	75 m × 110 m	68 m × 105 m
E	40 m × 55 m	55 m × 75 m	52,5 m × 68 m

Með framangreindum breytingum eru viðmið ákvæðisins eftirfarandi:

Flokkur	Lágmark	Hámark	Viðmiðun
A, B, C	68m x 105m	68m x 105m	68m x 105m
D	64m x 100m	68m x 105m	68m x 105m
E	40m x 55m	55m x 75m	52,5m x 68m

Í grein 8.3 er ekki lengur vísað til UEFA staðals eins og áður gerði í ákvæðinu. Í grein 8.4 og 8.5 voru þær breytingar gerðar að nú er vísað til gildandi FIFA staðla í stað þess að vísa sérstaklega annars vegar til FIFA** staðals eða hins vegar til FIFA* staðals. Í ákvæði 8.4.3 eru einnig gerðar þær breytingar að ekki er lengur notað það orðalag að leggja skuli fram vottorð óháðrar rannsóknar eða aðila sem KSÍ viðurkennir vegna knattspyrnugrass á leikvöllum í A, B, og C flokki. Nú er notast við það orðalag að leggja skuli fram skýrslu með staðfestum niðurstöðum prófana óháðrar rannsóknarstofu. Slíkar prófanir mega nú ekki vera eldri en 24 mánaða miðað við 1. maí ár hvert en áður máttu þær ekki vera eldri en 36 mánaða.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.